

Mál nr. 2

Knattspyrnudeild Árborgar gegn Knattspyrnudeild Þróttar

Kæra Árborgar

Knattspyrnufélag Árborgar kærir hér með úrslit leiks liðsins gegn U23 ára liði Knattspyrnufélagsins Þróttar, Reykjavík, sem fram fór á Selfossvelli mánudaginn 4. júní 2001 kl. 18:00. Kæran er byggð á þeim forsendum að Þróttur hafi brotið reglur um hlutgengi leikmanna í Coca-Cola bikar karla þar sem segir: “Með U23 liðinu eru hlutgengir þeir leikmenn félagsins sem ekki hófu leik í síðasta leik A-liðs félagsins í deildarkeppni...”

Síðasti leikur A-liðs Þróttar í deildarkeppni var gegn ÍR miðvikudaginn 30. maí kl. 20:00 og þar hófu meðal annarra leik eftirtaldir leikmenn:

1. Hallur Hallsson kt. 100380-4989
2. Hans S. Sævarsson kt. 260580-5159
3. Sigmundur Kristjánsson kt. 090983-5399

Þessi leikmenn voru í byrjunarliði Þróttar í leiknum gegn Árborg og liðið því ólöglega skipað. Kærandi fer fram á að lokatölur leiksins verði ógildaðar, Árborg dæmist sigur 3-0, og taki sæti Þróttar U23 í 32-liða úrslitum Coca-Cola bikars.

Fyrir hönd Knattspyrnufélags Árborgar,
Guðmundur Karl Sigurdórsson, formaður

Greinargerð Þróttar

Kæra Árborgar byggir á því að Knattspyrnufélagið Þróttur hafi stillt upp ólöglegu liði í bikarleik Árborgar og Þróttar U23 þann 4. júní 2001, sbr. 2. málslíð 3. tölulíðar kafla 3.9.1.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

3. tölulíður kafla 3.9.1.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót hljóðar svo: “ *Allir leikmenn félags eru hlutgengir til leiks með A liði félagsins nema þeir leikmenn sem leikið hafa í sömu umferð með U23 liðinu. Með U23 liðinu eru hlutgengir þeir leikmenn félagsins sem ekki hófu leik í síðasta leik A liðs félagsins í deildarkeppni, ekki hafa leikið í sömu umferð með A liði félagsins og eru 23 ára og yngri (miðað við almanaksárið).* ”

Vegna mistaka var það skilningur Knattspyrnufélagsins Þróttar á ofangreindum 2. málslíð 3. tölulíðs, að leikmenn væru hlutgengir með U23 liði félagsins ef þeir hefðu ekki leikið með A liði félagsins í sömu umferð bikarkeppninnar og A lið félagsins hefði leikið í sömu umferð keppninnar, þ.e. að hefði A lið félagsins ekki leikið í sömu umferð bikarkeppninnar þá myndi síðasti leikur félagsins í deildarkeppni segja til um hlutgengi leikmanna til leiks með U23 liði félags.

Stefna Knattspyrnufélagsins Þróttar er að mæta ávallt með rétt skipað lið til leiks og fylgja lögum og reglum KSÍ í hvívetna.

Knattspyrnufélagið Þróttur viðurkennir að mistök hafi átt sér stað í við skipan U23 liðs félagsins í bikarleik Árborgar og Þróttar U23. Með vísan til þess að um mistök hafi verið að ræða við túlkun á ofangreindu ákvæði í reglugerð KSÍ er farið fram á að dómstóll KSÍ beiti ekki sektargreiðslum vegna atviksins. Ef sektargreiðslum verður beitt er farið fram á að þeim verði haldið í lágmarki.

F. h. Knattspyrnufélagsins Þróttar

Ásgeir Elíasson

Úrskurður Knattspyrnudómstóls KSÍ

Ár 2001, mánudaginn 11. júní var tekið fyrir hjá Dómstól KSÍ, málið nr. 1/2001 Knattspyrnufélag Árborgar gegn Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Þróttar.

Skjöl nr. 1-5 lágu frammi.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að liði kæranda verði dæmdur sigur 3 – 0 í meistaraflokki karla í Coca-Cola bikarkeppni KSÍ gegn liði kærða U23 í leik sem fram fór þann 4. júní síðastliðinn. Því er haldið fram að þeir leikmenn í liði kærða hafi verið ólöglegir.

Málsmeðferð

Við skoðun á kærugögnum kemst dómariinn að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni. Greinargerð kærða liggur frammi í málinu og þar kemur fram að kærði viðurkennir brot sitt og krefst aðallega að sekt verði felld niður en til vara að hún verði í lágmarki.

Niðurstaða

Með hliðsjón af framansögðu er málið nú tekið til úrskurðar og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Kröfur kæranda eru teknar til greina í samræmi við skýrt orðalag 3.tl. í grein 3.9.1.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í samræmi við grein 4.3 í sömu reglugerð telst leikur málsaðila tapaður hinu kærða félagi með markatölunni 0 – 3, en hann fór fram þann 4. júní s.l.

Hið kærða félag greiði kr. 20.000,- í sekt sem renni til KSÍ.

Úrskurðarorð

Leikur milli Knattspyrnufélagsins Árborgar og Knattspyrnufélagsins Þróttar í meistaraflokki karla sem fram fór hinn 4.6.2001 í Coca-Cola bikarkeppni karla telst tapaður Knattspyrnufélaginu Þrótti með markatölunni 0 – 3.

Knattspyrnudeild knattspyrnufélagsins Þróttar greiði kr. 20.000,- í sekt.

Þannig fram farið

Reykjavík 11. júní 2001

f.h. Dómstóls KSÍ

Gunnar Guðmundsson